


| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | Áfangaheiti RAL 503 Kennsluáætlun haustönn 2012 | |
| Samþykkt:SHJ | | |
| Síða 1 af 3 | | |

| | | | |
|---------------|----------------------------|------------|-----|
| Nafn kennara: | <i>Friðrik Óli Atlason</i> | Sk.stöfun: | FÓA |
|---------------|----------------------------|------------|-----|

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á uppbyggingu á minni húsveitum frá heimtaug til einstakra neyslutækja fyrir allt að 100A heimtaug í einbýlis- og fjölbýlishúsum. Fjallað er um helstu þætti raflagna og búnað þeirra fyrir ljósa- og tenglagreinar. Áhersla er lögð á að nemandi kunni góð skil á varnarráðstöfunum í stærri húsveitum. Kynnt eru sérákvæði í reglugerðum, t.d. varðandi raflagnir í einstökum rýmum og staðsetning á töflum. Gerðar eru verklegar æfingar, m.a. við uppsetningu aðaltöflu, raflagnir að þrífasa rafhreyfli, mælingar og prófanir, efnis- og kostnaðaráætlanir o.fl.


Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki uppbyggingu og virkni varnarráðstafanna,
- þekki mismunandi lágspennudreifikerfi,
- geti tengt heimtaugar við húsveitur allt að 100A,
- geti tengt og sett upp aðaltöflu allt að 100A,
- geti framkvæmt öryggismælingar á húsveitu,
- kunni skil á reglugerðarákvæðum og stöðlum varðandi öryggisráðstafanir í neysluveitum.

Efnisatriði

Aðaltöflur, veitukerfi, heimtaugar, stofnar, kvíslar, greinar, greinatöflur, stofnstrengir, þrífasa tenglar, þrífasa klær, þrífasa hulsur, mótórar, hringrásamælir, megger, AVO-mælar, fasaröðun, lekastraumsvörn, spennujöfnun.

| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | Áfangiheiti RAL 503 Kennsluáætlun haustönn 2012 | |
| Samþykkt:SHJ | | |
| Síða 2 af 3 | | |

Námsmat og vægi námsþátta

Áfanginn er án lokaprófs og byggist upp á ástundun, verkefnaskilum og bóklegum prófum.

Skila þarf öllum tímablöðum í lok hvers tíma í skilakassa í stofu. Ef nemendur eru veikir eða mæta ekki af einhverjum ástæðum þarf að tilkynna það í tölvupósti til kennara.

Vinnuskýrslum á að skila í lok tíma í skilakassa í þeirri viku sem tilgreind er á áætlun. Þar gildir einnig að veikindi og önnur forföll ber að tilkynna til kennara með tölvupósti.


Vinna og ástundun í tímum eru metin af kennara og tekið er tillit til umgengi, ástundun og virkni í tímum.

Tvö bókleg próf verða á önninni og verður nemandi að taka þau bæði til að standast áfangann.

Bent er á að hægt er að nálgast kennsluáætlun og ýmis gögn á Moodle.

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---------------------|--|--------------|
| Skyndipróf | Bóklegt próf á önninni | 2 x 10%= 20% |
| Tímablöð | Standa þarf skil á öllum tímablöðum, óháð mætingum, vanti fleiri en 2 tímablöð dragast 40% af heildar einkunn þeirra. Vanti 3 eða fleiri gilda tímablöð 0% | 30% |
| Vinnuskýrslur | Standa þarf skil á 4 vinnuskýrslum. Vanti eina (1) gilda vinnuskýrslur 50%. Vanti 2 eða fleiri gilda vinnuskýrslur 0%. | 30% |
| Ástundun og umgengi | Ástundun og umgengi í tíma eftir mati kennara. | 10% |
| Annað | Mæting milli 80-100% gefur 0-10% óháð frjálstri mætingu. | 10% |

| Tegund | Námshöggn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum) |
|-------------------|--|
| Bækur | Tæknilegir tengiskilmálar |
| Verklegar æfingar | Ljósrit frá kennara |

| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | Áfangaheiti RAL 503 Kennsluáætlun haustönn 2012 | |
| Síða 3 af 3 | | |

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|----------------|--|--------------------------------|
| 34.vika | Kynning á áfanganum og búnaði sem nota á. Magntekið efni og skoðað lagnaleiðir fyrir breytingar á kennarastofu rafdeildar | |
| 35.vika | Smíðuð tafla fyrir 2 notendur og lagnir inn í kennarastofu rafdeildar. | Tímablað 1. |
| 36.vika | Smíðuð tafla fyrir 2 notendur og lagnir inn í kennarastofu ef þurfa þykir. | Tímablað 2. |
| 37.vika | Smíðuð tafla fyrir 2 notendur og ýmsar mælingar gerðar. | Tímablað 3 og vinnuskýrsla 1. |
| 38.vika | Smíðuð tafla fyrir 2 notendur . | Tímablað 4 |
| 39.vika | Tafla fyrir vinnuskúr með tenglum 1 og 3 fasa. | Tímablað 5 og vinnuskýrsla 2. |
| 40.vika | Tafla fyrir vinnuskúr með tenglum 1 og 3 fasa. | Tímablað 6. |
| 41.vika | Tafla fyrir vinnuskúr með tenglum 1 og 3 fasa. | Skyndipróf 1 og tímablað 7. |
| 42.vika | Tafla fyrir vinnuskúr með tenglum 1 og 3 fasa og ýmsar mælingar gerðar. | Tímablað 8. |
| 43.vika | Tafla fyrir vinnuskúr með tenglum 1 og 3 fasa. | Tímablað 9. |
| 44.vika | Tafla með 80A heimtaug og segulliða stýring | Tímablað 10 og vinnuskýrsla 2. |
| 45.vika | Tafla með 80A heimtaug og segulliða stýring | Tímablað 11. |
| 46.vika | Tafla með 80A heimtaug og segulliða stýring | Tímablað 12. |
| 47.vika | Tafla með 80A heimtaug og segulliða stýring | Tímablað 13 |
| 48.vika | Upprifjun. | Vinnuskýrsla 3 og skyndipróf 2 |

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Réttur áskilinn til hóflegra breytinga á áætlun þessari eftir því sem þörf krefur.

Hugsanlegt er að unnið verði í sumarhúsi ef þess þarf.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils